

Skipulagsuppráttur Aðalskipulag Rangárbings eystra 2012-2024, Hvolsvöllur. Skipulagssvæðið markað rauðum hring.

Lýsing á skipulagsverkefni

Samkvæmt 1. mgr. 40. Gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Inngangur

Í Aðalskipulagi Rangárbings eystra er íþróttasvæði vestan grunnskólavæðis á Hvolsvelli íp-128 skilgreint sem íþróttasvæði með óbreyttu skipulagsákvæði og skólavæðið skilgreint sem samfélagsþjónusta S-109. Áætlað er að gera deiliskipulag fyrir þessi tvö svæði. Umhverfisáhrif skipulagstillögunnar verða metin skv. 12. gr. skipulagslaga.

Aðdragandi og tilgangur

Afmörkun og aðkoma
Skipulagssvæðið er um 13 ha og afmarkast til austurs af Vallarbraut, íbúðarbyggð við Njál- og Gunnarsgerði, Norðurgarð, Öldugerði og Litlagerði. Til suðurs af miðsvæði Hvolsvallar. Norðan og vestan við svæðið er óbyggt land sem í dag er að einhverju leyti nýtt sem tún.

Viðfangsefni, markmið og skipulagsgögn

Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir íþrótt-, skóla- og leikskólafarsæmi. Gert er ráð fyrir að skilgreina nýja lóð fyrir sex deilda leikskóla, skilgreina nýja byggingareitir t.a.m. fyrir knattús og mögulegar stækkarir á grunnskóla og íþróttahús. Endurskilgreina Vallarbraut m.t.t. umferðaröryggis, endurskilgreina stígakerfi og bílastæðamál.

Deiliskipulagið verður sett fram á upprætti í mælikvarða 1:2000 og í greinargerð.

Forsendur

Íbúðarþróun

Í Rangárbingi eystra hefur orðið þó nokkur fólksfjölgun og á 3 ársfjórðungi 2018 voru íbúar 1900 en spá um íbúafjölda í gildandi aðalskipulagi kemur fram að áætlaður fjöldi, miðað við miðspá landsmeðaltals Hagstofunnar, árið 2024 séu 1930 íbúar. Fólksfjölgun sl. ára og framtíðarvöxtur hafa gert það að verkum að núverandi staðsetning leikskóla við Hvolsveg hentar ekki til framtíðar og því þörf á því að finna honum annan stað. Gera þarf einnig ráð fyrir framtíðarstækkun grunnskóla sem og að auka þjónustu sveitarfélagsins hvað varðar íþróttastarfsemi t.a.m. með stækkun á sundlaugarsvæði og möguleika á uppbyggingu knattús á núverandi íþróttasvæði.

Skólavæði

Grunnskólalóðin á Hvolsvelli (S-109) er í góðri tengingu við íþróttasvæði en Vallarbraut aðskilur svæðið frá íþróttasvæði og því þörf á aðgerðum við Vallarbraut til að auka öryggi skólabarna.

Íþróttasvæði

Á Hvolsvelli er íþróttasvæði vestan Vallarbrautar (Íp-128) í góðum tengslum við grunnskólann og íþróttahús. Þar er í dag fullkominn knattspyrnuvöllur og sparkvöllur og gert er ráð fyrir að þar megi byggja nauðsynlega aðstöðu tengda vellinum. Svæðið hefur mikla framtíðarvaxtarmöguleika.

Staðhættir og veðurfar

Landið er að mestu flatt að utan lágur manir sem sem hafa verið settar til að afmarka bílastæði og íþróttavöll. Svæðið er nokkuð opið fyrir norðlægum vindum og er að finna ræktaðan trjágróður á svæðinu. Grunnskóla- og sundlaugarsvæðið er nokkuð skjólgott og gróðri vaxið.

Minjar

Fornleifaskráning hefur farið fram í sveitarfélaginu (Fornleifaskráning á Hvolsvelli og nágrenni, Fornleifastofnun Íslands, FS232-04012, Reykjavík 2004). Þar sem fram kemur að norðar

Náttúruvá

Í aðalskipulagi Rangárbings eystra eru svæði undir náttúruvá ekki afmörkuð sérstaklega en frá kemur að hætta á stórum jarðskjálftum sé hvergi meiri en á Suðurlandsundirlendinu. Hvolsvöllur er áhættufokki 0,4g-0,5g og settar eru fram eftirfarandi verklagsreglur sem miða að því að draga úr tóni í jarðskjálftum.

- Hafa skal að leiðarljósi að byggja fremur lægrest hús og að ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur.
- Áður en byggð er skipulögð og byggingarframkvæmdir hafnar á eða við skjálftasvæði ska framkvæmdaraðili láta kanna bergsprungur á svæðinu. Ekki ætti að reisa mannvirki yfir sprungur eða stalla í berggrunninum.

Hvað aðra náttúruvá varðar s.s. eldvirni, vatnsflóð eða jökulhlaup er bent á viðvörðunarkerf Veðurstofu Íslands og viðbragðsáætlan Almannaavarna.

Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Rangárbings eystra 2012-2024

Í meginmarkmiðum aðalskipulagsins kemur fram

Opin svæði

- Áfram er stefnt að skógrækt á opnum svæðum vestan og norðan byggðar á Hvolsvelli til þess að afmarka byggð og mynda skjól og móta umgjörð um útivistarstíga og íþróttasvæði.

Samfélagsþjónusta

- Lögð skal áhersla á góð uppeldis- og menntunarskilyrði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Á Hvolsvelli skal gert ráð fyrir nægum íþrótt- og útivistarsvæðum svo og svæðum fyrir menntastofnanir.

Áætlunin styður þau meginmarkmið sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

Deiliskipulag á aðliggjandi svæðum

Vestan við skipulagsvæðið er Gunnarsgerði þar sem í gildi er deiliskipulag sem staðfest var 13.03.2018 og breyting staðfest þann 11.05.2017.

Suðvestan við skipulagsvæðið er eldfjallasetur og hótél þar sem í gildi er deiliskipulag sem staðfest var 16.04.2015

Sunnan við skipulagsvæðið er miðbær þar sem í gildi er deiliskipulag sem staðfest var 206.10.2016

Skipulagslýsing þessi var samþykkt í skipulagsnefnd:


Þann _____ 20__.

Sveitastjórn:

Þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__

Með athugasemdafrest til _____ 20__.



Kynning og samráð

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Einnig verður skipulagslýsingin sent Veðurstofu Íslands, Minjastofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Ef leitað verður umsagna fleir aðila mun það koma fram í deiliskipulagstillögunni.

Eftirfarandi drög að skipulagsferli og tímasetningum eru birt með fyrirvara um breytingar:

Mars 2019

- Skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsnefnd og afgreidd í sveitarstjórn.

Apríl 2019

- Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Lýsing kynnt almenningi skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með tveggja vikna fresti til þess að senda inn athugasemdir.

Mai-júní 2019

- Tillaga að nýju deiliskipulagi tekin fyrir í skipulagsnefnd og sveitarstjórn, fjallað um umsagnir og ábendingar sem borist hafa. Tillaga samþykkt til auglýsingar.

Ágúst-sept 2019

- Tillagan auglýst skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sept-okt 2019

- Tillaga lögð fyrir skipulagsnefnd, samþykkt í sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun skv. 41 gr. skipulagslaga.

Nóvember 2019

- Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið og það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda skv. 41 gr. skipulagslaga.

BR.	DAGS.	BREYTING	REKON.	TEKN.

Rangárbing-eystra
VEROKAUF-HEILÆLFANG - SÍM

LANDMÖTUN • HAMBORG 12 • 200 KÖPNUGUR • S: 575 5300 • KT: 561204-2760 • NETT: landmotun@landmotun.is

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR		SKIPULAG: ÖÖG	TEKNAÐ: PMR	SAMBYKKT	KT.
KVARDI 1: 2000 - A2	VERKNR.	KÖPNUGUR	TEKN. NR.	DAGS: 20.02.2019	BR.
DS-1901				01	